

Jáeindaskann af blöðruhálskirtli

Blöðruhálskirtill er skoðaður með tölvusneiðmynd og í jáeindaskanna.

Rannsóknin tekur um þrjár klukkustundir. Ekki er mælt með að aðstandandi bíði á deildinni á meðan rannsókn fer fram.

Í rannsókninni er gefið geislavirkt efni í æð. Ef bilun í framleiðslu á geislavirku efni kemur upp með litlum fyrirvara getur þurft að færa rannsókn milli daga.

Undirbúningur

- Ekki er þörf á að fasta fyrir rannsóknina.
- Ef ofnæmi er þekkt fyrir joðskuggaefni þarf að hafa samband við afgreiðslu ísótópadeildar tveimur dögum fyrir rannsókn til að fá sérstakan undirbúning.

Rannsóknardagur

- Vera má í eigin fötum sem ekki eru með málm, til dæmis rennilás eða smellum, því málmur getur truflað rannsóknina.
- Ráðlagt er að skilja úr og skartgripni eftir heima.
- Mælt er með að koma með síma, tölvu eða bók þar sem nokkur bið er frá því geislavirkt efni er gefið og þar til myndað verður.

- Við komu á deild er farið yfir nokkur atriði varðandi heilsufar.
- Settur er æðaleggur og í hann er gefið geislavirkt efni.
- Bíða þarf í tvær klukkustundir frá inngjöf geislavirks efnis þar til myndað er.
- Tæma þarf þvagblöðru fyrir myndatöku.
- Myndataka tekur um 30 mínútur.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því skuggaefnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í sex klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Efnið sem gefið er í æð hefur ekki slævandi áhrif og því má keyra eftir rannsókn.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is



Best er að nota inngang Eiríksgrötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.